

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1177****2022/EES/76/11****frá 7. júlí 2022**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 með því að innleiða og uppfæra færslurnar í sniðmátunum fyrir upplýsingaskjalið og samræmisvottorðið á pappír að því er varðar tiltekin öryggiskerfi og aðlaga númerakerfið fyrir viðurkenningarvottorðin að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB ⁽¹⁾, einkum 24. gr. (4. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) og 38. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 ⁽²⁾ er kveðið á um staðlað snið skjala sem notuð eru við gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru í slík ökutæki með því að mæla fyrir um sniðmát fyrir upplýsingaskjalið, ESB-skráningarviðurkenningarvottorð ökutækis og samræmisvottorðin á pappír.
- 2) Breyta ætti sniðmátunum fyrir upplýsingaskjölin, sem er að finna í I. og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683, til að taka tillit til nýju krafanna sem voru innleiddar með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 ⁽³⁾ og stjórnvaldsfyrirmælunum sem voru samþykktar samkvæmt henni.
- 3) Til að hægt sé að beita samræmdri nálgun að því er varðar númeraröð viðurkenningarvottorða er enn fremur nauðsynlegt að breyta númerakerfinu, sem er sett fram í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683, í því skyni að endurspeglar þróun á sviði reglusetningar samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2144.
- 4) Einnig þykir rétt að breyta V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683, þar sem sett er fram fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarmerki fyrir íhluti og aðskildar tæknieiningar, með því að uppfæra tilvísunina í reglugerð (ESB) 2019/2144.
- 5) Í reglugerð (ESB) 2019/2144 er þess krafist að ný ökutæki séu útbúin háþrúðum öryggiskerfum, þ.m.t. neyðarkerfi fyrir akreinastýringu, skynvæddri hraðastillingu, þreytu- og athyglisvarakerfi og atvikarita. Rétt þykir að krefjast þess að fram komi á samræmisvottorðinu hvaða kerfi eru uppsett í ökutækinu. Því er nauðsynlegt að bæta viðeigandi færslum við sniðmátin fyrir samræmisvottorðið á pappír sem eru sett fram í VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 183, 8.7.2022, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2022 frá 28. október 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 frá 15. apríl 2020 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtið. ESB L 163, 26.5.2020, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda (Stjtið. ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1).

- 7) Til að gefa viðurkenningaryfirvöldum, markaðseftirlitsyfirvöldum, skráningaryfirvöldum aðildarríkjanna og framleiðendum nægan tíma til að hrinda í framkvæmd breytingum á samræmisvottorðinu á pappír í kerfum sínum ætti að fresta dagsetningunni þegar ákvæði V. viðauka koma til framkvæmda.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/683 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
- 4) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.
- 5) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði V. viðauka koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júlí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683 er breytt sem hér segir:

1) Skýringarnar breytast sem hér segir:

a) Í stað skýringar ⁽¹²⁾ kemur eftirfarandi:

„⁽¹²⁾ Í samræmi við skilgreiningarnar í lið 1.24 (hjólhaf) og 1.25 (ásabil) í A-þætti 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535 frá 31. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja, og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru í slík ökutæki, með tilliti til almennra smíðaeiginleika þeirra og öryggis (Stjtið. ESB L 117, 6.4.2021, bls. 1). Ef um er að ræða eftirvagn með miðlægum ási skal ás tengisins teljast vera framásinn.“

b) Í stað skýringar ⁽¹⁴⁾ kemur eftirfarandi:

„⁽¹⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535 frá 31. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja, og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru í slík ökutæki, með tilliti til almennra smíðaeiginleika þeirra og öryggis (Stjtið. ESB L 117, 6.4.2021, bls. 1).“

c) Í stað skýringar ⁽¹⁸⁾ kemur eftirfarandi:

„⁽¹⁸⁾ Íðorð nr. 6.1 og að því er varðar önnur ökutæki en ökutæki í flokki M1: F-þáttur 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535. Ef um er að ræða eftirvagna skal tilgreina lengdina eins og kveðið er á um í íðorði nr. 6.1.2 í staðli ISO 612:1978.“

d) Í stað skýringa ⁽²⁰⁾ og ⁽²¹⁾ kemur eftirfarandi:

„⁽²⁰⁾ Íðorð nr. 6.2 og að því er varðar önnur ökutæki en ökutæki í flokki M1: F-þáttur 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535.

⁽²¹⁾ Íðorð nr. 6.3 og að því er varðar önnur ökutæki en ökutæki í flokki M1: F-þáttur 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535.“

e) Í stað skýringar ⁽³⁰⁾ kemur eftirfarandi:

„⁽³⁰⁾ Eins og skilgreint er í lið 1.3 í A-þætti 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535.“

f) Í stað skýringar ⁽¹²²⁾ kemur eftirfarandi:

„⁽¹²²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/646 frá 19. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til neyðarkerfis þeirra fyrir akreinastýringu (ELKS) (Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 31).“

g) Í stað skýringar ⁽¹²³⁾ kemur eftirfarandi:

„⁽¹²³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 frá 19. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtið. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 11).“

h) Í stað skýringar ⁽¹²⁴⁾ kemur eftirfarandi:

„⁽¹²⁴⁾ Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu ökutækja í flokkum M, N og O með tilliti til hemlunar [2016/194] (Stjtið. ESB L 42, 18.2.2016, bls. 1).“

- i) Í stað skýringar ⁽¹⁵⁷⁾ kemur eftirfarandi:
- „⁽¹⁵⁷⁾ Liðir 4 og 4.1 skulu fylltir út í samræmi við skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í lið 1.24 (hjólhaf) og 1.25 (ásabil) í A-þætti 2. hluta XIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eftir því sem við á.“
- j) Í stað skýringar ⁽¹⁷⁴⁾ kemur eftirfarandi:
- „⁽¹⁷⁴⁾ Að því er varðar iðorðið tengipunkt með númerið „0“ er vísað til liðar 1.3.1.2 í A-þætti 2. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535.“
- k) Skýringar ⁽³¹⁾, ⁽⁵⁵⁾, ⁽⁷⁹⁾, ⁽⁸⁹⁾, ⁽⁹⁰⁾ og ⁽⁹¹⁾ falla brott.
- l) Eftirfarandi skýringu ⁽¹⁸¹⁾ er bætt við:
- „⁽¹⁸¹⁾ Kerfi sem eru samþykkt í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í stjórnvaldsfyrirmælunum sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Upphafsstafaorðin samsvara kerfunum sem um getur í lið 6.7, 7.4, 8.12, 10.1.1, 12.2.4, 12.6.5, 12.8, 12.11, 12.12, 12.13, 12.16, 12.17 og 17.“
- 2) Í stað liðar 2.2.1.3 kemur eftirfarandi:
- „2.2.1.3. Viðmiðunarhjólhaf festivagns (eins og farið er fram á í lið 3.2 í E-þætti 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535):“.
- 3) Í stað liðar 2.6.2 kemur eftirfarandi:
- „2.6.2. Massi valfrjáls búnaðar (sjá skilgreiningu í lið 1.4 í A-þætti 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535):“.
- 4) Eftirfarandi liðum 2.11.4.1 og 2.11.4.2 er bætt við:
- „2.11.4.1. Hámarkshlutfall útskögunar tengis ⁽³⁴⁾, miðað við hjólhaf: ...
- 2.11.4.2. Hámarksgildi V: kN.“
- 5) Í stað liðar 2.13 kemur eftirfarandi:
- „2.13. Útsláttarradíus afturhorns (7. liður í D-þætti 2. hluta og 8. liður í C-þætti 2. hluta í XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535, eftir því sem við á):“.
- 6) Í stað liðar 2.14.1 kemur eftirfarandi:
- „2.14.1. Hlutfall milli hreyfilafis vagnalestarinnar og tæknilega leyfilegs hámarks massa með hleðslu (6. liður í C-þætti 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535): kW/kg.“
- 7) Í stað liðar 3.2.18.1 kemur eftirfarandi:
- „3.2.18.1. Númer gerðarviðurkenningarvottorðsins/-vottorðanna: ...“.
- 8) Í stað liðar 4.11.2 kemur eftirfarandi:
- „4.11.2. Upplýsingar eins og um getur í lið 7.6 í 2. hluta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535 (uppgæfið gildi framleiðanda):“.
- 9) Eftirfarandi liðum 4.11.4, 4.11.5 og 4.11.6 er bætt við:
- „4.11.4. Upplýsingar eins og um getur í lið 6.1.1 í 2. hluta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535: ...
- 4.11.5. Upplýsingar eins og um getur í lið 6.1.2 í 2. hluta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535: ...
- 4.11.6. Upplýsingar um gírskiptivísi í notendahandbók ökutækisins: ...“.

10) Eftirfarandi liðum 6.7, 6.7.1 og 6.7.2 er bætt við:

„6.7. Vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum (TPMS)

6.7.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

6.7.2. Nákvæm lýsing á vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum: ...“.

11) Eftirfarandi liðum 7.4 til 7.6.3 er bætt við:

„7.4. Neyðarkerfi fyrir akreinastýringu (ELKS)

7.4.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

7.4.2. Tæknilýsing og teikning af kerfinu: ...

7.4.3. Aðferðir til að óvirkja neyðarkerfið fyrir akreinastýringu handvirkt

7.4.4. Lýsing á sjálfvirkri afvirkjun (ef ökutækið er búið slíku): ...

7.4.5. Lýsing á sjálfvirkri stöðvun (ef ökutækið er búið slíku): ...

7.5. Akreinarakerfi (LDWS)

7.5.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

7.5.2. Hraðasvið akreinarakerfisins: ...

7.5.3. Tæknilýsing og teikning af akreinarakerfinu: ...

7.6. Leiðréttandi stefnustýring (CDCF)

7.6.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

7.6.2. Hraðasvið leiðréttandi stefnustýringar: ...

7.6.3. Tæknilýsing og teikning af kerfinu (einkum ef kerfið nýtir stýringu eða hemlun): ...“.

12) Í stað liðar 8.6 kemur eftirfarandi:

„8.6. Útreikningur og ferlar í samræmi við 10. eða 14. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13 ⁽¹²⁴⁾, ef við á, eða í samræmi við 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13-H ⁽¹²⁵⁾, eftir því sem við á: ...“.

13) Í stað liðar 8.9 kemur eftirfarandi:

„8.9. Stutt lýsing á hemlakerfi eins og um getur í 12. lið í 2. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13 eða í 14. lið í 1. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13-H, eftir því sem við á: ...“.

14) Eftirfarandi liðum 8.12, 8.12.1 og 8.12.2 er bætt við:

„8.12. Háþróað neyðarhemlunarkerfi (AEBS)

8.12.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

8.12.2. Nákvæm lýsing á háþróaðu neyðarhemlunarkerfi: ...“.

15) Í stað liða 9.14 til 9.14.4. kemur eftirfarandi:

„9.14. Flötur fyrir uppsetningu á skráningarkerki að framan og aftan (gefa skal upp bil, ef við á, nota má teikningar verði því komið við): ...

- 9.14.1. Hæð yfir vegi, neðri og efri brúnir: ...
- 9.14.2. Hliðarstaðsetning, vinstri og hægri brúnir: ...
- 9.14.3. Fjöldi staðlaðra flata fyrir skráningarmerki: ...
- 9.14.4. Fjöldi valkvæðra eða annarra flata fyrir skráningarmerki: ...“.
- 16) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 9.14.5:
- „9.14.5.1. Flötur fyrir skráningarmerki að framan: ...
- 9.14.5.2. Flötur fyrir skráningarmerki að aftan: ...
- 9.14.5.3. Annar flötur fyrir skráningarmerki að aftan (ef um er að ræða ökutæki í flokkum O2, O3 og O4): ...
- 9.14.5.4. Valkvæðir eða aðrir fletir fyrir skráningarmerki: ...“.
- 17) Í stað liða 9.14.6 og 9.14.7 kemur eftirfarandi:
- „9.14.6. Halli skráningarmerkja frá lóðrétttri stöðu: ...
- 9.14.7. Útsýnishorn frá efri, lægri, vinstri og hægri brún: ...“.
- 18) Í stað liðar 9.16.2 kemur eftirfarandi:
- „9.16.2. Nákvæmar teikningar af hjóhlífunum og staðsetningu þeirra á ökutækinu þar sem fram koma stærðir sem tilgreindar eru á mynd 1 í 2. hluta V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535 og tekið er tillit til ystu hluta hjólbarða-/hjólasamsetninga: ...“.
- 19) Í stað liða 9.17.4 og 9.17.4.1 kemur eftirfarandi:
- „9.17.4. Yfirlýsing framleiðanda um samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í 2. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535: ...
- 9.17.4.1. Til að uppfylla kröfurnar í lið 5.3 í ISO-staðli 3779:2009 skal útskýra merkingu rittákna í lýsingu ökutækis (VDS) í verksmiðjunúmeri ökutækis (VIN) og, ef við á, tilgreiningu ökutækis (VIS) í þeirri reglugerð: ...“.
- 20) Eftirfarandi lið 9.17.4.3 er bætt við:
- „9.17.4.3. Lögboðin merkiplata ökutækis sem er smíðað í mörgum þrepum: já/nei (4)“.
- 21) Í stað liðar 9.20.2 kemur eftirfarandi:
- „9.20.2. Nákvæmar teikningar af hjól- og aurlífabúnaðinum og staðsetningu hans á ökutækinu þar sem fram koma stærðir sem tilgreindar eru á myndunum í 2. hluta VIII. viðauka í viðbætinum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535 og þar sem tekið er tillit til ystu hluta hjólbarða-/hjólasamsetninga: ...“.
- 22) Í stað liðar 9.25.1 kemur eftirfarandi:
- „9.25.1. Nákvæm tæknilýsing (þ.m.t. ljósmyndir og teikningar auk lýsingar á smíðaeignum) á ökutækjahlutum sem um getur í lið 1.4 í D-þætti 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535: ...“.
- 23) Eftirfarandi lið 10.1.1 er bætt við:
- „10.1.1. Neyðarhæmlunarljós (ESS): já/nei (4)“.

24) Eftirfarandi liðum 12.2.4, 12.2.4.1 og 12.2.4.2 er bætt við:

„12.2.4. Búnaður sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss (AIF)

12.2.4.1. Yfirlýsing framleiðanda um að farið hafi verið að kröfum í samræmi við I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/1243 ⁽¹²³⁾: ...“.

12.2.4.2. Uppsetningarskjal að því er varðar búnað sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss“.

25) Eftirfarandi liðum 12.6.5 til 12.6.5.5 er bætt við:

„12.6.5. Skynvætt hraðastillingarkerfi (ISA)

12.6.5.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

12.6.5.2. Aðgerð til upplýsinga um hraðatakmarkanir (SLIF)

12.6.5.2.1. Nákvæm lýsing á viðmóttinu fyrir aðgerð til upplýsinga um hraðatakmarkanir: ...

12.6.5.2.2. Aðferð og tækni til að ákvarða skynjaðar hraðatakmarkanir: ...

12.6.5.3. Aðgerð til viðvörunar vegna hraðatakmarkana (SLWF)

12.6.5.3.1. Nákvæm lýsing á endurgjafarkerfi fyrir aðgerð til viðvörunar vegna hraðatakmarkana: ...

12.6.5.3.2. Nákvæm lýsing á sjónrænni viðvörun aðgerðar til viðvörunar vegna hraðatakmarkana, ef við á: ...

12.6.5.4. Nákvæm lýsing á aðgerð til hraðastýringar (SCF): ...

12.6.5.5. Gerðarviðurkenningarnúmer skynvædds hraðastillingarkerfis sem aðskilin tæknieining, ef við á: ...“.

26) Eftirfarandi liðum 12.11 til 12.17.3 er bætt við:

„12.11. Þreytu- og athyglisvarakerfi (DDAW)

12.11.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

12.11.2. Nákvæm lýsing á þreytu- og athyglisvarakerfi: ...

12.11.3. Nákvæm lýsing á sjónrænni viðvörun þreytu- og athyglisvarakerfis: ...

12.12. Háþróað truflunarvarakerfi (ADDW)

12.12.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

12.12.2. Nákvæm lýsing á háþróaðu truflunarvarakerfi: ...

12.12.3. Nákvæm lýsing á þeim tæknilegu úrræðum sem eru notuð til að koma í veg fyrir truflun, ef við á: ...

12.13. Upplýsingakerfi um blindsvæði (BSIS)

12.13.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

12.13.2. Nákvæm lýsing á upplýsingakerfi um blindsvæði: ...

12.13.3. Gerðarviðurkenningarnúmer upplýsingakerfis um blindsvæði sem er viðurkennt sem aðskilin tæknieining, ef við á: ...

12.14. Netöryggi

- 12.14.1. Almennir smíðaeiginleikar ökutækjagerðar, þ.m.t.:
 - a) kerfi í ökutækjum sem skipta máli fyrir netöryggi ökutækjagerðar,
 - b) íhlutir þessara kerfa sem skipta máli fyrir netöryggi,
 - c) samspil þessara kerfa við önnur kerfi innan gerðar ökutækis og ytri skilflata
- 12.14.2. Skýringarmynd af gerð ökutækis: ...
- 12.14.3. Númer samræmisskírteinis fyrir stjórnunarkerfi netöryggis: ...
- 12.14.4. Skjöl fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna sem innihalda lýsingu á niðurstöðunum úr áhættumatinu og greindri áhættu: ...
- 12.14.5. Skjöl fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna, sem innihalda lýsingu á mildunarráðstöfunum sem gripið hefur verið til í tengslum við tilgreind kerfi eða gerð ökutækis, og hvernig þær draga úr þeirri áhættu sem gefin er upp: ...
- 12.14.6. Skjöl fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna sem innihalda lýsingu á verndun sérstaks umhverfis fyrir hugbúnað, þjónustu, forrit eða gögn á eftirmarkaði: ...
- 12.14.7. Skjöl fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna sem innihalda lýsingu á hvaða prófanir hafa verið gerðar til að sannreyna netöryggi ökutækjagerðar og kerfa hennar og niðurstöður þessara prófana: ...
- 12.14.8. Lýsing á því hvernig tillit er tekið til aðfangakeðju að því er varðar netöryggi: ...
- 12.15. Uppfærsla á hugbúnaði
- 12.15.1. Almennir smíðaeiginleikar gerðar ökutækis: ...
- 12.15.2. Númer samræmisskírteinis fyrir stjórnunarkerfi fyrir uppfærslu á hugbúnaði: ...
- 12.15.3. Öryggisráðstafanir
- 12.15.3.1. Skjöl fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna með lýsingu á því hvernig uppfærsluferlið verði framkvæmt með öruggum hætti: ...
- 12.15.3.2. Skjöl fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna með lýsingu á því hvernig RX-kenninúmer hugbúnaðar ökutækis er verndað gegn óleyfilegum breytingum: ...
- 12.15.4. Þráðlaus uppfærsla á hugbúnaði
- 12.15.4.1. Skjöl fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna, með lýsingu á því hvernig uppfærsluferlið verði framkvæmt með öruggum hætti: ...
- 12.14.4.2. Lýsing á þeim aðferðum sem eru notaðar til að upplýsa notendur ökutækja um uppfærslu, fyrir og eftir framkvæmd hennar: ...
- 12.15.5. Yfirlýsing framleiðanda um samræmi við kröfurnar varðandi stjórnunarkerfi fyrir uppfærslu á hugbúnaði: ...
- 12.16. Atvikaritari (EDR)
- 12.16.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾
- 12.16.2. Teikning(ar) eða ljósmyndir þar sem sýnd er staðsetning og ásetningaraðferð atvikaritara í ökutæki:
- 12.16.3. Lýsing á mælipáttum virkjunar: ...

12.16.4. Lýsing á öðrum viðeigandi mælipáttum (geymslurými, viðnámi gegn snöggri hraðaminnkun og aflfræðilegu álagi við alvarlegan árekstur, o.s.frv.): ...

12.16.5. Gagnastök og gagnasnið sem geymd eru í atvikaritara:

Gagnastak	Tímabils-/tíma-skráning (miðað við tímapunkt núll)	Sýnatökutíðni gagna (sýni á sekúndu)	Lágmarkssvið	Nákvæmni	Upplausn

12.16.6. Leiðbeiningar um hvernig sækja meg gagna úr atvikaritara: ...

12.16.6.1. Lýsing á aðferðinni til að gefa skýrslu um upplýsingar, sem gerð er krafa um skv. b-lið 3. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/545 (*): handvirk/sjálfvirk (*)

12.16.7. Samræmi við tæknilegu kröfurnar í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160:

12.16.7.1. Viðurkenningarnúmer reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 160: ...

12.16.8. Gerðarviðurkenningarnúmer atvikaritara, sem er viðurkenndur sem aðskilin tæknieining, ef við á (fyllist út ef viðurkenning fæst ekki samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 160, sem um getur í lið 12.16.7.1.): ...

12.17. Vöktun á hvort ökumaður er til taks (DAM)

12.17.1. Til staðar: já/nei (*)

12.17.2. Aðferðir til að greina hvort ökumaður er til taks: ...

12.17.3. Skrifleg lýsing og/eða teikning af upplýsingum sem eru gefnar ökumanni: ...

(*) Stjtið. ESB L 107, 6.4.2022, bls. 18.“

27) Eftirfarandi liðum 17 til 17.11 er bætt við:

„17. SJÁLFVIRKT AKSTURSKERFI (ADS): já/nei (*)

17.1. Almenn lýsing á sjálfvirku aksturskerfi: ...

17.1.1. Notkunarsvið/jaðarskilyrði: ...

17.1.2. Grunnaðgerðir (t.d. greining og viðbrögð við hlutum og atvikum (OEDR), áætlanagerð, o.s.frv.): ...

17.2. Lýsing á aðgerðum sjálfvirs aksturskerfis:

17.2.1. Helstu aðgerðir sjálfvirs aksturskerfis (aðgerðaskipulag): ...

17.2.1.1. Innri aðgerðir ökutækis: ...

17.2.1.2. Ytri aðgerðir ökutækis (t.d. bakendakerfi, nauðsynleg grunnvirki utan ökutækis, nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar notkun): ...

17.3. Yfirlit yfir mikilvæga þætti sjálfvirs aksturskerfis

17.3.1. Stýrieiningar: ...

17.3.2. Nemar og uppsetning nema í ökutækinu: ...

- 17.3.3. Gangsetningarbúnaður: ...
- 17.3.4. Kort og staðsetning: ...
- 17.3.5. Annar vélbúnaður: ...
- 17.4. Skipulag sjálfvirks aksturskerfis og skýringarmyndir
 - 17.4.1. Skýringarmyndir af kerfisupprætti (t.d. reitarit): ...
 - 17.4.2. Skrá og skýringaryfirlit yfir samtengingar: ...
- 17.5. Forskriftir
 - 17.5.1. Forskriftir við venjulega notkun: ...
 - 17.5.2. Forskriftir við neyðarnotkun: ...
 - 17.5.3. Samþykktarviðmiðanir: ...
 - 17.5.4. Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar: ...
- 17.6. Öryggisatriði
 - 17.6.1. Yfirlýsing framleiðanda um að ökutæki valdi ekki óeðlilegri áhættu: ...
 - 17.6.2. Drög að hugbúnaðarhögun (t.d. reitarit): ...
 - 17.6.3. Aðferðir til að ákvarða rökfræði sjálfvirks aksturskerfis: ...
 - 17.6.4. Almenn skýring á helstu ráðstöfununum í hönnun sjálfvirka aksturskerfisins til að viðhalda öruggri notkun í bilanatilvikum, við starfhæfnistruflanir og við aðstæður þar sem farið yrði út fyrir notkunarsviðið: ...
 - 17.6.5. Almenn lýsing á helstu meginreglunum um meðhöndlun bilana, varaáætlanir, þ.m.t. áætlun um áhættumildun (hreyfing sem felur í sér lágmarksáhættu): ...
 - 17.6.6. Skilyrði til að virkja beiðni til notanda ökutækis eða fjarstjórnanda: ...
 - 17.6.7. Hugtak að því er varðar samspil manna og véla við farþega í ökutækjum, notanda ökutækis og fjarstjórnanda, þ.m.t. vörn gegn einfaldri leyfislausri virkjun/notkun og inngripi: ...
- 17.7. Sannprófun og fullgilding framleiðanda á nothæfiskröfum þ.m.t. greiningu og viðbrögð við hlutum og atvikum, samspil manna og véla, að umferðarreglur séu virtar og þeirri niðurstöðu að kerfið sé hannað þannig að ökumanni, farþega ökutækis og öðrum vegfarendum stafi ekki óeðlileg áhætta af ökutækinu: ...
 - 17.7.1. Lýsing á samþykktari aðferð: ...
 - 17.7.2. Úrval af sviðsmyndum við aðstæður sem búist er við, hættulegar aðstæður auk aðstæðna í tengslum við bilanir: ...
 - 17.7.3. Lýsing á aðferðum og verkfærum sem notuð eru (hugbúnaður, rannsóknarstofa, annað) og samantekt á mati á trúverðugleika: ...
 - 17.7.4. Lýsing á niðurstöðum: ...
 - 17.7.5. Óvissa niðurstaðna: ...
 - 17.7.6. Túlkun niðurstaðna: ...
 - 17.7.7. Yfirlýsing framleiðanda:

Framleiðandi/framleiðendur staðfesta að sjálfvirka aksturskerfið valdi ekki farþegum ökutækis og öðrum vegfarendum óeðlilegri öryggisáhættu.

- 17.8. Gagnastök sjálfvirs aksturskerfis
- 17.8.1. Tegund geymdra gagna: ...
- 17.8.2. Geymslustaðsetning: ...
- 17.8.3. Skráð atvik og gagnastök: ...
- 17.8.4. Aðferðir til að tryggja gagnaöryggi og gagnavernd: ...
- 17.8.5. Aðferðir til að fá aðgang að gögnum: ...
- 17.9. Netöryggi og uppfærsla á hugbúnaði
- 17.9.1. Gerðarviðurkenningarnúmer netöryggis: ...
- 17.9.2. Númer samræmisskírteinis fyrir netöryggi: ...
- 17.9.3. Gerðarviðurkenningarnúmer hugbúnaðaruppfærslu: ...
- 17.9.4. Númer samræmisskírteinis fyrir hugbúnaðaruppfærslu: ...
- 17.9.4.1. Upplýsingar um hvernig lesa megji RX-kenninúmer hugbúnaðar eða útgáfu hugbúnaðar ef RX-kenninúmer hugbúnaðar er ekki í ökutækinu.
- 17.9.4.2. Ef við á, skal gefa upp viðeigandi mælipætti sem gera kleift að auðkenna ökutækin, sem hægt er að uppfæra með hugbúnaðinum, sem RX-kenninúmer hugbúnaðar stendur fyrir, samkvæmt lið 17.9.4.1.
- 17.10. Rekstrarhandbók (sem skal fylgja með upplýsingaskjalinu)
- 17.10.1. Lýsing á virkni sjálfvirka aksturkerfisins og því hlutverki sem vænst er af eiganda, rekstraraðila farþegaflutninga, notanda ökutækis, fjarstjórnanda, o.s.frv.: ...
- 17.10.2. Tæknilegar ráðstafanir fyrir örugga notkun (t.d. lýsing á nauðsynlegum grunnvirkjum utan ökutækis, tímasetningu, tíðni og sniðmáti fyrir viðhaldsaðgerðir): ...
- 17.10.3. Takmarkanir á notkun og umhverfishömlur: ...
- 17.10.4. Ráðstafanir að því er varðar notkun (t.d. ef þörf er á notanda ökutækis eða fjarstjórnanda): ...
- 17.10.5. Leiðbeiningar ef um er að ræða bilanir og beiðni frá sjálfvirka aksturskerfinu (öryggisráðstafanir af hálfu farþega ökutækis, rekstraraðila farþegaflutninga, notanda ökutækis og fjarstjórnanda og opinberra yfirvalda sem gripið verður til ef bilun kemur upp): ...
- 17.11. Aðferðir til að gera það kleift að framkvæma reglubundna tækniskoðun: ...“.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. hluta (A. Að því er varðar flokka M og N):

a) Í stað liðar 2.6.2 kemur eftirfarandi:

„2.6.2. Massi valfrjáls búnaðar (sjá skilgreiningu í lið 1.4 í A-þætti 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535):“.

b) Í stað liðar 4.11.2 kemur eftirfarandi:

„4.11.2. Upplýsingar eins og um getur í lið 7.6 í 2. hluta IX. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535 (uppgæfið gildi framleiðanda):“.

c) Eftirfarandi liðum 6.7 og 6.7.1 er bætt við:

„6.7. Vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum (TPMS)

6.7.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾“.

d) Eftirfarandi liðum 7.4, 7.4.1, 7.5, 7.5.1, 7.6 og 7.6.1 er bætt við:

„7.4. Neyðarkerfi fyrir akreinastýringu (ELKS)

7.4.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

7.5. Akreinaravarkerfi (LDWS)

7.5.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

7.6. Leiðréttandi stefnustýring (CDCF)

7.6.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾“.

e) Eftirfarandi liðum 8.12 og 8.12.1 er bætt við:

„8.12. Háþróað neyðarhemlunarkerfi (AEBS)

8.12.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾“.

f) Í stað liðar 9.17.4.1 kemur eftirfarandi:

„9.17.4.1. Til að uppfylla kröfurnar í lið 5.3 í ISO-staðli 3779:2009 skal útskýra merkingu rittákna í lýsingu ökutækis (VDS) í verksmiðjunúmeri ökutækis (VIN) og, ef við á, tilgreiningu ökutækis (VIS) í þeirri reglugerð:“.

g) Eftirfarandi liðum 12.2.4 og 12.2.4.1 er bætt við:

„12.2.4. Búnaður sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss (AIF)

12.2.4.1. Yfirlýsing framleiðanda um að farið hafi verið að kröfum í samræmi við I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1243 ⁽¹²³⁾: ...“.

h) Eftirfarandi liðum 12.6.5 og 12.6.5.1 er bætt við:

„12.6.5. Skynvætt hraðastillingarkerfi (ISA)

12.6.5.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾“.

i) Eftirfarandi liðum 12.11, 12.11.1, 12.12, 12.12.1, 12.13, 12.13.1, 12.16, 12.16.1, 12.17 og 12.17.1 er bætt við:

„12.11. Þreytu- og athyglisvarakerfi (DDAW)

12.11.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾

- 12.12. Háþróað truflunarvarakerfi (ADDW)
- 12.12.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾
- 12.13. Upplýsingakerfi um blindsvæði (BSIS)
- 12.13.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾
- 12.16. Atvikaritari (EDR)
- 12.16.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾
- 12.17. Vöktun á hvort ökumaður er til taks (DAM)
- 12.17.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾.
- j) Eftirfarandi lið 17 er bætt við:
- „17. SJÁLFBIRKT AKSTURSKERFI (ADS): já/nei ⁽⁴⁾“.
- 2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. hluta (B. Flokkur O):
- a) Í stað liðar 2.6.2 kemur eftirfarandi:
- „2.6.2. Massi valfrjáls búnaðar (sjá skilgreiningu í lið 1.4 í A-þætti 2. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535):“.
- b) Eftirfarandi liðum 6.7 og 6.7.1 er bætt við:
- „6.7. Vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum (TPMS)
- 6.7.1. Til staðar: já/nei ⁽⁴⁾“.
- c) Í stað liðar 9.17.4.1 kemur eftirfarandi:
- „9.17.4.1. Til að uppfylla kröfurnar í lið 5.3 í ISO-staðli 3779:2009 skal útskýra merkingu rittákna í lýsingu ökutækis (VDS) í verksmiðjunúmeri ökutækis (VIN) og, ef við á, tilgreiningu ökutækis (VIS) í þeirri reglugerð: ...“.
- d) Eftirfarandi liðum 12, 12.7.1, 16 og 16.1 er bætt við:
- „12. ÝMISLEGT
- 12.7.1. Ökutæki er búið skammdrægum ratsjárnúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz: já/nei ⁽⁴⁾
16. AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKJA
- 16.1. Veffang fyrir aðalvefsetrið með aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja: ...“.
-

III. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683 er breytt sem hér segir:

1) Í stað c-liðar liðar 2.2 kemur eftirfarandi:

„c) númer reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar sem er samþykkt samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2144 þar sem mælt er fyrir um viðeigandi kröfur.

Að því er varðar c-lið, ef (grunn-)reglugerð inniheldur aðskilda viðauka sem fela í sér kröfur og tækniforskriftir sem á að beita á mismunandi viðfangsefni og ná yfir kerfi í ökutækjum, íhluti og aðskildar tæknieiningar, skal rómverskur tölustafur koma á eftir tilvísun í 2. þætti sem táknar númer viðauka við þá reglugerð.“

2) Í stað c-liðar liðar 3.1 kemur eftirfarandi:

„c) í samræmi við XI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/535 ⁽¹⁴⁾:

e2*2021/535/XI*2021/535*00003*00“.

3) Í stað d-liðar liðar 3.1 kemur eftirfarandi:

„d) í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/646 ⁽¹²²⁾:

e2*2021/646*2021/646*00003*00“.

4) Í stað annarrar málsgreinar í lið 4 kemur eftirfarandi:

„Ákvæði þessa viðauka gilda þó um ESB-gerðarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2144 á grundvelli krafna sem mælt er fyrir um í reglugerðum Sameinuðu þjóðanna, sem skráðar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858, en í því tilviki skal nota eftirfarandi númerakerfi:“.

5) Í stað liðar 4.2 kemur eftirfarandi:

„4.2. 2. liður: Númer reglugerðar (ESB) 2019/2144 (þ.e. „2019/2144“)“.

6) Í stað númers gerðarviðurkenningarvottorðsins í dæminu í lið 4.6.1 kemur eftirfarandi:

„e1*2019/2144*13-HR00/16*00001*00“.

7) Í stað númers gerðarviðurkenningarvottorðsins í dæminu í lið 4.6.2 kemur eftirfarandi:

„e25*2019/2144*46R04/01*00123*05“.

IV. VIÐAUKI

Í stað annarrar málsgreinar 4. liðar í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683 kemur eftirfarandi:

„Ákvæði þessa viðauka gilda þó um ESB-gerðarviðurkenningar íhluta og aðskilinna tæknieininga sem veittar eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2144 á grundvelli krafna sem mælt er fyrir um í reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem eru tilgreindar í I. viðauka við þá reglugerð, en í því tilviki gildir eftirfarandi:“.

V. VIÐAUKI

Viðbætinum við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. hluta (fullbúin ökutæki og fjölþrepa fullbúin ökutæki):

a) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur M1) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er: TPMS/ELKS/AEBS/ESS/AIF/ISA/DDAW/ADDW/EDR/DAM/ADS/eCall ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

b) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur M2) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er: TPMS/AEBS/ESS/AIF/ISA/DDAW/ADDW/BSIS/EDR/DAM/ADS/Keðjun ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

c) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur M3) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er: TPMS/ESS/AIF/AEBS/ISA/DDAW/ADDW/BSIS/EDR/DAM/ADS/Keðjun ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

d) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur N1) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er: TPMS/ELKS/AEBS/ESS/AIF/ISA/DDAW/ADDW/EDR/DAM/ADS/eCall ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

e) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur N2) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er: TPMS/ESS/AIF/AEBS/ISA/DDAW/ADDW/BSIS/EDR/DAM/ADS/Keðjun ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

f) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur N3) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er: TPMS/ESS/AIF/AEBS/ISA/DDAW/ADDW/BSIS/EDR/DAM/ADS/Keðjun ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

g) Í 2. hluta (ökutækjaflokkar O3 og O4) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er: TPMS ⁽¹⁸¹⁾“.

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. hluta (ófullbúin ökutæki):

a) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur M1) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er háþrúðum ökutækjakerfum: TPMS/ELKS/AEBS/ESS/AIF/ISA/DDAW/ADDW/EDR/DAM/ADS/eCall ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾“.

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

b) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur M2) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er háþrúðum ökutækjakerfum: TPMS/ESS/AIF/AEBS/ISA/DDAW/ADDW/BSIS/EDR/DAM/ADS/Keðjun ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾“.

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

c) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur M3) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er háþrúðum ökutækjakerfum: TPMS/ESS/AIF/AEBS/ISA/DDAW/ADDW/BSIS/EDR/DAM/ADS/Keðjun ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾“.

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

d) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur N1) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er háþrúðum ökutækjakerfum: TPMS/ELKS/AEBS/ESS/AIF/ISA/DDAW/ADDW/EDR/DAM/ADS/eCall ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾“.

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

e) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur N2) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er háþrúðum ökutækjakerfum: TPMS/ESS/AIF/AEBS/ISA/DDAW/ADDW/BSIS/EDR/DAM/ADS/Keðjun ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾“.

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

f) Í 2. hluta (ökutækjaflokkur N3) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er háþrúðum ökutækjakerfum: TPMS/ESS/AIF/AEBS/ISA/DDAW/ADDW/BSIS/EDR/DAM/ADS/Keðjun ⁽⁴⁾ ⁽¹⁸¹⁾“.

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.

g) Í 2. hluta (ökutækjaflokkar O3 og O4) er eftirfarandi liðum 54, 55 og 56 bætt við:

„54. Ökutæki sem búið er: TPMS ⁽¹⁸¹⁾“.

55. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 155: já/nei ⁽⁴⁾

56. Ökutæki sem veitt er gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 156: já/nei ⁽⁴⁾“.